

# Fundargerð 271. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Fundarsalur Þingborg  
**Fundardagur:** Þriðjudagur 30. nóvember 2022  
**Fundartími:** 8:30-11:30  
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson oddviti  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri  
Walter Fannar Kristjánsson  
Harpa Magnúsdóttir  
Elín Höskuldsdóttir

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar Anna Dóra Jónsdóttir ritaði fundargerð.

## 1. Kynning frá Almannavörnum á Suðurlandi

Til stóð að Björn Ingi frá Almannavörnum á Suðurlandi ásamt Grími Hergeirssyni lögreglustjóra kæmu inn á fund sveitarstjórnar en þeir boðuðu forföll með skömnum fyrirvara. Sveitarstjóri bókar nýjan tíma fyrir kynningu.

## 2. Fundargerðir skipulagsnefndar:

### a) Nr. 248, dags. 01.11.2022:

#### a) Heiðarbær Stórholt L166345, Heiðarbær Litlaholt L204983 og Smáholt L208386; Deiliskipulag – 1907022

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til smábýlalóða í landi Heiðarbæjar eftir auglýsingu. Alls er gert ráð fyrir 11 lóðum innan skipulagssvæðisins þar sem heimilt verði að byggja íbúðarhús, gestahús og útihús eða vélageymslu. Umsagnir sem bárust á auglýsingatíma skipulagsins eru lagðar fram við afgreiðslu þess ásamt uppfærðum gögnum.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykka framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Fyrir liggur tillaga deiliskipulags sem tekur til smábýlalóða í landi Heiðarbæjar eftir auglýsingu. Alls er gert ráð fyrir 11 lóðum innan skipulagssvæðisins þar sem heimilt verði að byggja íbúðarhús, gestahús og útihús eða vélageymslu. Umsagnir sem bárust á auglýsingatíma skipulagsins eru lagðar fram við afgreiðslu þess ásamt uppfærðum gögnum.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagið taki gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 24. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### b) Þingdalur L166405; Deiliskipulag – 2210038

Lögð er fram umsókn frá Jóhönnu Erlu Guðmundsdóttur er varðar deiliskipulag innan jarðar Þingdals L166405. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir endurbótum eða endurbyggingu á núverandi íbúðarhúsi og útihúsum og eru þannig skilgreindir byggingarreitir utan um þau hús. Auk þess gerir skipulagið ráð fyrir byggingu hesthúss og reiðskemmu.

Ab  
JM

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.*

Fyrir liggur umsókn frá Jóhönnu Erlu Guðmundsdóttur er varðar deiliskipulag innan jarðar Þingdals L166405. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir endurbótum eða endurbyggingu á núverandi íbúðarhúsi og útihúsum og eru þannig skilgreindir byggingarreitir utan um þau hús. Auk þess gerir skipulagið ráð fyrir byggingu hesthúss og reiðskemmu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**c) Krækishólar 2 L229571; Stækkun á lóð 2; Deilisk.breyting – 2210040**

Lögð er fram umsókn frá Atla Lillendahl er varðar breytingu á deiliskipulagi Krækishóla 2 L229571. Í breytingunni felst stækkun á lóð 2 sem er samkvæmt núverandi skipulagi 5.333 fm en verður eftir breytingu 6.951 fm. Samhliða er gert ráð fyrir 70 m tilfærslu á aðkomuvegi að svæðinu.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.*

Fyrir liggur umsókn frá Atla Lillendahl er varðar breytingu á deiliskipulagi Krækishóla 2 L229571. Í breytingunni felst stækkun á lóð 2 sem er samkvæmt núverandi skipulagi 5.333 fm en verður eftir breytingu 6.951 fm. Samhliða er gert ráð fyrir 70 m tilfærslu á aðkomuvegi að svæðinu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Sveitarstjórn samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**d) Villingaholt 2 L166403; Flatholt; Stofnun lóðar – 2210044**

Lögð er fram umsókn frá Forsætisbýlinu ehf er varðar stofnun 9,7 ha lóðar úr landi Villingaholts 2 L166403. Lóðin fær staðfangið Flatholt.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um samþykki landeigenda aðliggjandi jarða vegna sameiginlegra landamerkjja. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.*

Fyrir liggur umsókn frá Forsætisbýlinu ehf er varðar stofnun 9,7 ha lóðar úr landi Villingaholts 2 L166403. Lóðin fær staðfangið Flatholt.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um samþykki landeigenda aðliggjandi jarða vegna sameiginlegra landamerkjja.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- e) **Lækjarholt 1 L231163; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting – 2208025**  
Lögð er fram umsókn frá Landhönnun slf. er varðar breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi í landi Lækjaholts 1 L231163. Í gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 er skipulagssvæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Í breytingunni felst að hluta landspildunnar verði breytt í verslunar- og þjónustusvæði þar sem heimiluð verði ferðaþjónusta. Skipulagslýsing verkefnisins var kynnt 29.9.-21.10.2022, umsagnir bárust við lýsingu og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykka tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Fyrir liggur umsókn frá Landhönnun slf. er varðar breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi í landi Lækjaholts 1 L231163. Í gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 er skipulagssvæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Í breytingunni felst að hluta landspildunnar verði breytt í verslunar- og þjónustusvæði þar sem heimiluð verði ferðaþjónusta. Skipulagslýsing verkefnisins var kynnt 29.9.-21.10.2022, umsagnir bárust við lýsingu og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- b) **Nr. 249, dags. 09.11.2022:**

- a) **Syðri-Gegnishólar L165499; Deiliskipulag – 2109091**

Lögð er fram umsókn frá Olil Amble er varðar nýtt deiliskipulag að Syðri-Gegnishólum. Í skipulaginu felst að heimilt verði að byggja tvö allt að 300 fm íbúðarhús og bílskúr, sambyggt eða aðskilið. Undanþága innviðaráðuneytis vegna fjarlægðar frá vegi liggur fyrir og lögð fram við afgreiðslu málsins.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.*

Fyrir liggur umsókn frá Olil Amble er varðar nýtt deiliskipulag að Syðri-Gegnishólum. Í skipulaginu felst að heimilt verði að byggja tvö allt að 300 fm íbúðarhús og bílskúr, sambyggt eða aðskilið. Undanþága innviðaráðuneytis vegna fjarlægðar frá vegi liggur fyrir og lögð fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum

- b) **Dalsmynni L166326; Náma; Efnistaka; Framkvæmdarleyfi – 2206080**

Lögð er fram umsókn frá Gröfuþjónustu Steins ehf. er varðar efnistöku í landi Dalsmynni L166326 eftir grenndarkynningu. Í framkvæmdinni felst heimild fyrir efnistöku innan sömu námu sem skilgreind er á aðalskipulagi Flóahrepps sem E11. Gert er ráð fyrir efnistöku að 30.000 m<sup>3</sup>. Samhliða er lögð fram skýrsla frá ISOR vegna hugsanlegra áhrifa efnistökkunnar á vatnsból innan svæðisins. Athugasemdir bárust við grenndarkynningu framkvæmdaleyfisins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að útgáfa framkvæmdaleyfis verði samþykkt með fyrirvara um umsögn Vegagerðarinnar. Samkvæmt framlagðri skýrslu ÍSOR vegna umsóknar er ekki talin teljandi hætta á mengun vatnsbóls vegna efnistökkunnar. Nefndin mælist til þess að leyfið verði útgefið með eftirfarandi skilyrðum.

- Efnistaka er heimil innan svæðisins allt að 30.000 m<sup>3</sup>.
- Efnislosun innan svæðisins er óheimil.
- Framkvæmdaaðili skal leggja fram tímasetta áætlun um efnistöku og gera grein fyrir lokun námunnar að henni lokinni.
- Framkvæmdaaðila verði gert að halda Hurðarbaksvegi sem liggur frá Villingaholtsvegi (305-01) að efnistökusvæðinu í sambærilegu ástandi og hann er í dag og sinan viðeigandi viðhaldi á honum í samráði við Vegagerðina á meðan á efnistöku stendur, umfram það sem getur talist eðlilegt slit vegna daglegrar umferðar um veginn.
- Eftir að efnistöku er lokið verði svæðinu lokað með viðeigandi hætti, nánar verði gert grein fyrir því innan áætlunar framkvæmdaaðila um efnistöku og lokun námunnar að henni lokinni.
- Geymsla mengandi efna s.s. olíu, umfram það sem er á vélum tengdum efnistökkunni hverju sinni er óheimil innan svæðisins.
- Geymsla annars tækjabúnaðar en þess sem tengist efnistökkunni er óheimil innan svæðisins.

Þeim sem athugasemdir gerðu við málið verði send niðurstaða skipulagsnefndar og sveitarstjórnar.

Fyrir liggur umsókn frá Gröfuþjónustu Steins ehf. er varðar efnistöku í landi Dalsmýnnis L166326 eftir grenndarkynningu. Í framkvæmdinni felst heimild fyrir efnistöku innan sömu námu sem skilgreind er á aðalskipulagi Flóahrepps sem E11. Gert er ráð fyrir efnistöku að 30.000 m<sup>3</sup>. Samhliða er lögð fram skýrsla frá ISOR vegna hugsanlegra áhrifa efnistökkunnar á vatnsból innan svæðisins. Athugasemdir bárust við grenndarkynningu framkvæmdaleyfisins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis. Fyrir liggur umsögn Vegagerðarinnar ásamt svari frá Gröfuþjónustu Steins ehf. við erindi fundar skipulagsnefndar frá 9.11.2022 þar sem áætlun er tímasett og gerð er grein fyrir lokun námunnar eftir efnistöku. Samkvæmt framlagðri skýrslu ÍSOR vegna umsóknar er ekki talin teljandi hætta á mengun vatnsbóls vegna efnistökkunnar. Sveitarstjórn gerir kröfur um að eftirfarandi skilyrðum verði framfylgt vegna útgáfu leyfisins:

- Efnistaka er heimil innan svæðisins allt að 30.000 m<sup>3</sup>.
- Efnislosun innan svæðisins er óheimil.
- Framkvæmdaaðili skal leggja fram tímasetta áætlun um efnistöku og gera grein fyrir lokun námunnar að henni lokinni.
- Framkvæmdaaðila verði gert að halda Hurðarbaksvegi sem liggur frá Villingaholtsvegi (305-01) að efnistökusvæðinu í sambærilegu ástandi og hann er í dag og sinna viðeigandi viðhaldi á honum í samráði við Vegagerðina á meðan á efnistöku stendur, umfram það sem getur talist eðlilegt slit vegna daglegrar umferðar um veginn.
- Eftir að efnistöku er lokið verði svæðinu lokað með viðeigandi hætti, nánar verði gert grein fyrir því innan áætlunar framkvæmdaaðila um efnistöku og lokun námunnar að henni lokinni.

- Geymsla mengandi efna s.s. olú, umfram það sem er á vélum tengdum efnistökkunni hverju sinni er óheimil innan svæðisins.
- Geymsla annars tækjabúnaðar en þess sem tengist efnistökkunni er óheimili innan svæðisins.

Þeim sem athugasemdir gerðu við málið verður send niðurstaða skipulagsnefndar og sveitarstjórnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- c) **Fyrirspurnir til skipulagsnefndar; Laugardælur; aðkomuvegur – 2211028**  
Lögð er fram fyrirspurn frá Laugardælum ehf er varðar skilgreiningu nýs aðkomuvegar að Laugardælum frá nýrri legu þjóðvegur 1.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við framlagða fyrirspurn en mælist til þess að hönnun tenginga á svæðinu sé unnin í nánu samráði við aðra hagsmunaaðila innan þess s.s. Golfklúbb Selfoss og Selfossveitur.*

Fyrir liggur fyrirspurn frá Laugardælum ehf. er varðar skilgreiningu nýs aðkomuvegar að Laugardælum frá nýrri legu þjóðvegur 1.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við framlagða fyrirspurn en leggur áherslu á að hönnun tenginga á svæðinu sé unnin í nánu samráði við aðra hagsmunaaðila innan þess s.s. Golfklúbb Selfoss, sveitarfélagið Árborg og Selfossveitur.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- c) **Nr. 250, dags. 23.11.2022:**

- a) **Arnarstaðakot; Búgarðabyggð; Deiliskipulag – 2201058**

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags íbúðarbyggðar í landi Arnarstaðarkots eftir kynningu. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 23 íbúðarhúsalóðum að stærðinni frá 6.124 fm til 11.920 fm. Á þeim er heimilt að byggja íbúðarhús með geymslu/bílageymslu og eitt útihús, sem (sbr. aðalskipulag) getur haft mismunandi hlutverk s.s. fyrir búfé, gróður, heilsutengda þjónustu og ferðaþjónustu. Allt dýrahald er leyfilegt innan skipulagsins en skal vera afgirt innan lóðar/spildu eða í taumi utan lóðar/spildu. Deiliskipulagið er í takt við tillögu aðalskipulagsbreytingar sem er í vinnslu og tekur til skilgreiningu nýrra íbúðarsvæða innan aðalskipulags Flóahrepps. Athugasemdir bárust á kynningartíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins. Afgreiðslu málsins var frestað á fundi sveitarstjórnar þann 12.5.2022.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.*

Fyrir liggur tillaga nýs deiliskipulags íbúðarbyggðar í landi Arnarstaðarkots eftir kynningu. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 23 íbúðarhúsalóðum að stærðinni frá 6.124 fm til 11.920 fm. Á þeim er heimilt að byggja íbúðarhús með geymslu/bílageymslu og eitt útihús, sem (sbr. aðalskipulag) getur haft mismunandi hlutverk s.s. fyrir búfé, gróður, heilsutengda þjónustu og ferðaþjónustu. Allt dýrahald er leyfilegt innan skipulagsins en skal vera afgirt innan lóðar/spildu eða í taumi utan lóðar/spildu. Deiliskipulagið er í takt við tillögu aðalskipulagsbreytingar sem er í vinnslu og tekur til skilgreiningu nýrra íbúðarsvæða innan aðalskipulags Flóahrepps. Athugasemdir bárust á kynningartíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins. Afgreiðslu málsins var frestað á fundi sveitarstjórnar þann 12.5.2022.

*AB*  
*AM*

Sveitarstjórn Flóahrepps frestar afgreiðslu málsins þar sem ekki verður séð að brugðist hafi verið við athugasemdum Landsnets. Samþykkt með 5 atkvæðum.

**b) Þingborg Íbúðarbyggð; Endurskoðað deiliskipulag – 2204026**

Lögð er fram tillaga er varðar heildarendurskoðun deiliskipulags íbúðarsvæðis við Þingborg eftir auglýsingu. Deiliskipulagið nær til um 8 ha svæðis þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu á fjölbreyttu íbúðarhúsnæði. Umsögn Skipulagsstofnunar vegna afgreiðslu málsins lögð fram.

*Innan umsagnar Skipulagsstofnunar er tiltekið að framlögð endurskoðun á deiliskipulagi svæðisins samræmist ekki aðalskipulagi Flóahrepps á þeim forsendum að ekki sé gert ráð fyrir skilgreiningu 61-82 íbúðarlóða innan svæðisins innan greinargerðar aðalskipulags. Innan aðalskipulags Flóahrepps er tiltekið að á svæðinu sé í gildi deiliskipulag fyrir 26 lóðir á 8 ha svæði. Ekkert er tiltekið um fjölda íbúða innan svæðisins. Innan greinargerðar heildar endurskoðunar deiliskipulags svæðisins er tiltekið að innan svæðisins séu 24 lóðir en heimild er veitt fyrir uppbyggingu par- og raðhúsa innan svæðisins. Innan núverandi skilmála gildandi deiliskipulags er jafnframt gert ráð fyrir því að innan svæðisins sé heimilt að byggja parhús í stað einbýlishúsa, það skipulag gerir því á sama hátt ráð fyrir því að fleiri íbúðir geti verið byggðar innan svæðisins en eru skilgreindar lóðir. Að mati nefndarinnar er tillagan því í samræmi við aðalskipulag sveitarfélagsins þar sem ekki er gert ráð fyrir fjölgun lóða innan svæðisins þótt svo að sannarlega sé gert ráð fyrir fjölgun íbúða innan þess. Greinargerð deiliskipulagsins hefur verið uppfærð í takt við athugasemdir Skipulagsstofnunar er varðar ofangreint atriði. Að mati nefndarinnar er ekki ástæða til að bregðast við athugasemdum skipulagsstofnunar er varðar hreinsun fráveitu innan svæðisins, engar athugasemdir koma fram frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands eða Umhverfisstofnun er varðar hreinsun fráveitu eða mengunarvarnir. Innan deiliskipulags er tilgreint að notast eigi við þriggja þrepa hreinsun fráveitu innan svæðisins sem teljast fullnægjandi kröfur til itarlegrar hreinsunar að mati nefndarinnar. Mælist nefndin til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykka framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda og verði sent Skipulagsstofnum til varðveislu.*

Fyrir liggur tillaga er varðar heildarendurskoðun deiliskipulags íbúðarsvæðis við Þingborg eftir auglýsingu. Deiliskipulagið nær til um 8 ha svæðis þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu á fjölbreyttu íbúðarhúsnæði. Umsögn Skipulagsstofnunar vegna afgreiðslu málsins lögð fram.

Innan umsagnar Skipulagsstofnunar er tiltekið að framlögð endurskoðun á deiliskipulagi svæðisins samræmist ekki aðalskipulagi Flóahrepps á þeim forsendum að ekki sé gert ráð fyrir skilgreiningu 61-82 íbúðarlóða innan svæðisins innan greinargerðar aðalskipulags. Innan aðalskipulags Flóahrepps er tiltekið að á svæðinu sé í gildi deiliskipulag fyrir 26 lóðir á 8 ha svæði. Ekkert er tiltekið um fjölda íbúða innan svæðisins. Innan greinargerðar heildar endurskoðunar deiliskipulags svæðisins er tiltekið að innan svæðisins séu 24 lóðir en heimild er veitt fyrir uppbyggingu par- og raðhúsa innan svæðisins. Innan núverandi skilmála gildandi deiliskipulags er jafnframt gert ráð fyrir því að innan svæðisins sé heimilt að byggja parhús í stað einbýlishúsa, það skipulag gerir því á sama hátt ráð fyrir því að fleiri íbúðir geti verið byggðar innan svæðisins en eru skilgreindar lóðir. Sveitarstjórn Flóahrepps telur tillöguna því í samræmi við aðalskipulag sveitarfélagsins þar sem ekki er gert ráð fyrir fjölgun lóða innan svæðisins þótt svo að sannarlega sé gert ráð fyrir fjölgun íbúða innan þess. Greinargerð

deiliskipulagsins hefur verið uppfærð í takt við athugasemdir Skipulagsstofnunar er varðar ofangreint atriði. Sveitarstjórn Flóahrepps sér ekki ástæðu til að bregðast við athugasemdum skipulagsstofnunar er varðar hreinsun fráveitu innan svæðisins, engar athugasemdir koma fram frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands eða Umhverfisstofnun er varðar hreinsun fráveitu eða mengunarvarnir. Innan deiliskipulags er tilgreint að notast eigi við þriggja þrepa hreinsun fráveitu innan svæðisins sem teljast fullnægjandi kröfur til ítarlegrar hreinsunar að mati sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda og verði sent Skipulagsstofnun til varðveislu.

Samþykkt með 4 atkvæðum, Elín Höskuldsdóttir greiðir atkvæði á móti og leggur fram bókun.

Þetta deiliskipulag samræmist ekki stefnu T-listans og samþykki ég ekki þetta deiliskipulag. Elín Höskuldsdóttir.

c) **Eystri-Loftsstaðir 7 og 11; Brimhólar L227156 og Brimhólar 2 L227152; Deiliskipulag – 2210086**

Lögð er fram umsókn frá Svanbjörgu Vilbergsdóttir er varðar nýtt deiliskipulag sem tekur til lóðar Eystri-Lofsstaða 7 og 11, Brimhóla og Brimhóla 2. Hvor lóð fyrir sig er 5.300m<sup>2</sup> en þær eru aðskildar af Eystri-Loftsstöðum 9. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu íbúðarhúss og útihúss á Brimhólum og ferðaþjónustu.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemdir við framlagaða notkun og uppbyggingu sem tilgreind er á lóð Eystri-Loftstaða 11, L227156. Að mati nefndarinnar er sú starfsemi sem tilgreind er á lóð Eystri-Loftstaða 7 þess eðlis að landnotkun svæðisins þyrfti að vera skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði. Mælist nefndin til þess við sveitarstjórn að málinu verði frestað og skipulagsfulltrúa verði falin samskipti við umsækjanda um stöðu málsins og næstu skref.*

Fyrir liggur umsókn frá Svanbjörgu Vilbergsdóttir er varðar nýtt deiliskipulag sem tekur til lóðar Eystri-Lofsstaða 7 og 11, Brimhóla og Brimhóla 2. Hvor lóð fyrir sig er 5.300m<sup>2</sup> en þær eru aðskildar af Eystri-Loftsstöðum 9. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu íbúðarhúss og útihúss á Brimhólum og ferðaþjónustu.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagaða notkun og uppbyggingu sem tilgreind er á lóð Eystri-Loftstaða 11, L227156. Sveitarstjórn telur að sú starfsemi sem tilgreind er á lóð Eystri-Loftstaða 7 þess eðlis að landnotkun svæðisins þyrfti að vera skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að fresta málinu og felur skipulagsfulltrúa að annast samskipti við umsækjanda um stöðu málsins og næstu skref.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) **Hróarsholt spilda F1; L197221; Íbúðarhús, gestahús, útihús; Deiliskipulag – 2210092**

Lögð er fram umsókn frá Tæki og tól ehf er varðar nýtt deiliskipulag sem tekur til spildu Hróarsholts spildu F1, L197221. Í skipulaginu felst heimild fyrir uppbyggingu íbúðarhúss, gestahúss og útihúss innan tveggja byggingarreita.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.*

Fyrir liggur umsókn frá Tæki og tól ehf er varðar nýtt deiliskipulag sem tekur til spildu Hróarsholts spildu F1, L197221. Í skipulaginu felst heimild fyrir uppbyggingu íbúðarhúss, gestahúss og útihúss innan tveggja byggingarreita.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir deiliskipulagið að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) **Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029; Íbúðarsvæði; Arnarstaðakot-Skálmholt-Glóra; Skilmálabreyting; Aðalskipulagsbreyting - 2110027**

Lögð er fram tillaga að aðalskipulagsbreytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 eftir auglýsingu. Breytingin snýr að skilmálum aðalskipulagsins er varðar íbúðarsvæði í sveitarfélaginu. Fyrirhugað er að breyta skilmálum á þann hátt að heimila ný íbúðarsvæði í dreifbýli vegna sýnds áhuga landeigenda og eftirspurnar eftir slíkum lóðum. Breytingin nær til þriggja nýrra íbúðarsvæða, Arnarstaðakots L166219 þar sem fyrirhugað er uppbygging búgarðabyggðar, í landi Skálmholt land L186111 þar sem núverandi frístundasvæði og landbúnaðarsvæði innan jarðarinnar verði skilgreint sem íbúðarsvæði og innan jarðarinnar Glóru á um 30 ha svæði. Umsagnir og athugasemdir bárust á kynningartíma skipulagsbreytinganna og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að tekið verði undir athugasemdir sem bárust er varðar skilgreindar heimildir innan Glóru. Mælist nefndin til þess að uppfærð tillaga verði lögð fram til samþykktar á fundi sveitarstjórnar. Nefndin telur að öðru leiti að brugðist hafi verið við umsögnum með fullnægjandi hætti innan tillögunnar en leggur áherslu á að við deiliskipulagningu viðkomandi svæða sé fjallað nánar um vistgerðir, fuglalíf og hraunmyndanir auk þess sem unnar verði minjaskráningar þar sem við þá. Með ofangreindum fyrirvörum mælist nefndin til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að breyting á aðalskipulagi verði samþykkt eftir auglýsingu. Óskað verði eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr.123/2010.*

Fyrir liggur tillaga að aðalskipulagsbreytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 eftir auglýsingu. Breytingin snýr að skilmálum aðalskipulagsins er varðar íbúðarsvæði í sveitarfélaginu. Fyrirhugað er að breyta skilmálum á þann hátt að heimila ný íbúðarsvæði í dreifbýli vegna sýnds áhuga landeigenda og eftirspurnar eftir slíkum lóðum. Breytingin nær til þriggja nýrra íbúðarsvæða, Arnarstaðakots L166219 þar sem fyrirhugað er uppbygging búgarðabyggðar, í landi Skálmholt land L186111 þar sem núverandi frístundasvæði og landbúnaðarsvæði innan jarðarinnar verði skilgreint sem íbúðarsvæði og innan jarðarinnar Glóru á um 30 ha svæði. Umsagnir og athugasemdir bárust á kynningartíma skipulagsbreytinganna og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur undir þær athugasemdir frá landeiganda Glóru er varðar byggingarmagn og dýrahald innan svæðisins og samþykkir að það verði sambærilegt við það sem kemur fram í tillögum vegna Arnarstaðakots. Sveitarstjórn telur að öðru leiti að brugðist hafi verið við umsögnum með fullnægjandi hætti innan tillögunnar en leggur áherslu á að við deiliskipulagningu viðkomandi svæða sé fjallað nánar um vistgerðir, fuglalíf og hraunmyndanir auk þess sem unnar verði minjaskráningar þar sem við á. Sveitarstjórn samþykkir breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu með ofangreindum fyrirvörum og óskar eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu



auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**3. Afgreiðslur byggingarfulltrúa**

- a) 173. fundur dags. 02.11.2022
- b) 174. fundur dags. 16.11.2022

**4. Erindi frá fræðslunefnd Flóahrepps – Óveðursáætlun Flóaskóla**

Fyrir liggur erindi til sveitarstjórnar Flóahrepps er varðar óveðursáætlun Flóaskóla ásamt uppfærðri óveðursáætlun. Áætlunin hefur verið tekin fyrir á tveimur fundum fræðslunefndar, þann 25. október og 15. nóvember s.l. Fræðslunefnd leggur áherslu á að skólastjóra sé heimilt að loka skóla og aflýsa öllu skólalahaldi ef aðstæður vegna veðurs eða ófærðar kalli á það.

Sveitarstjórn Flóahrepps staðfestir framlagða óveðursáætlun Flóaskóla og tekur hún gildi við staðfestingu sveitarstjórnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**5. Reglur fyrir skólamáltíðir við Flóaskóla**

Fyrir liggja uppfærðar reglur um skólamáltíðir við Flóaskóla. Reglurnar voru teknar fyrir á fundi fræðslunefndar þann 25.10.2022. Sveitarstjórn Flóahrepps tók drög að reglum fyrir á fundi þann 01.11.2022 og lagði áherslu á að mikilvægt væri að jafnt gangi yfir alla nemendur varðandi morgunhressingu og ekki verði innheimt sérstaklega fyrir hana.

Sveitarstjórn Flóahrepps staðfestir framlagðar reglur fyrir skólamáltíðir við Flóaskóla og að þær taki gildi frá 1.janúar 2023. Gjaldskrá fyrir skólamáltíðir verður tekin fyrir af sveitarstjórn í janúar 2023 og gildir núverandi gjaldskrá þangað til annað er ákveðið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**6. Tilnefning í vatnasvæðanefnd**

Í bréfi frá Umhverfisstofnun frá 07.11.2022 er óskað eftir tilnefningum í vatnasvæðanefndir með tilvísan í 6.gr. reglugerðar um stjórn vatnamála. Umhverfis- og samgöngunefnd tók bréfið fyrir á fundi sínum þann 23.11.2023 og tilnefnir Höllu Kjartansdóttur sem aðalmann og Jakob Nielsen Kristjánsson til vara. Fulltrúi frá sveitarstjórn verður Hulda Kristjánsdóttir og Elín Höskuldsdóttir til vara.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**7. Styrkbeiðni frá Sigurhæðum – máli frestað á síðasta fundi**

Sveitarstjórn Flóahrepps frestaði beiðni um styrk á fundi í nóvember. Sigurhæðir óska eftir styrk að fjárhæð 230.000 kr. og er þá gert ráð fyrir að Sigurhæðir fái áframhaldandi framlag í gegnum Sóknaráætlun Suðurlands á vettvangi SASS.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að veita styrk til Sigurhæða fyrir árið 2023 að upphæð 230.000 kr. Gert verður ráð fyrir styrk í fjárhagsáætlun.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**8. Styrkbeiðni frá Stígamótum**

Fyrir liggur beiðni um framlag til starfsemi Stígamóta árið 2023.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að veita styrk til Stígamóta fyrir árið 2023 50.000 kr. Gert verður ráð fyrir styrk í fjárhagsáætlun.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**9. Styrkbeiðni frá Sjóðnum góða**

Fyrir liggur beiðni um stuðning við Sjóðinn góða sem er samstarfsverkefni Lionsklúbba, kvenfélaga, kirkjusókna, félagsþjónustunnar í Árnessýslu, deilda Rauða krossins í Árnessýslu og Hjálparstarfs Kirkjunnar. Hlutverk sjóðsins er að styrkja einstaklinga og fjölskyldur sem standa höllum fæti og eiga ekki fyrir nauðpurftum fyrir jólin.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að veita styrk að upphæð 100.000 kr. Gert er ráð fyrir styrk í fjárhagsáætlun.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**10. Styrkbeiðni frá Reiðveganefnd Sleipnis**

Fyrir liggur umsókn um styrk til reiðvegagerðar á vegum hestamannafélagsins Sleipnis fyrir árið 2023. Í erindinu er farið yfir þær framkvæmdir sem ráðist hefur verið í innan Flóahrepps á

árinu 2022. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að veita Reiðveganefnd Sleipnis styrk að upphæð 1 milljón króna fyrir árið 2023. Gert er ráð fyrir styrk í fjárhagsáætlun.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 11. Tillaga að reglum um Vatnsveitu Flóahrepps 2023

Fyrir liggur tillaga að uppfærðum reglum um Vatnsveitu Flóahrepps. Þær tillögur um breytingar sem gerðar eru snúa að árlegu vatnsgjaldi og að ákvörðun um vatnsgjald skuli tekin af sveitarstjórn árlega og birt 1. janúar ár hvert.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að vísa tillögu að reglum um Vatnsveitu Flóahrepps til framkvæmda- og veitunefndar til yfirferðar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 12. Tillögur að gjaldskrár fyrir árið 2023

Lögð fram drög að gjaldskrár og álagningarforsendum fyrir árið 2023.

a) Tillaga að útsvarsprósentu fyrir 2023:

Fyrir liggur tillaga um óbreytta útsvarsprósentu fyrir árið 2023 eða 14,52%.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að útsvarsprósenta Flóahrepps fyrir árið 2023 verði 14,52%.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Tillaga að álagningarprósentu fasteignaskatts 2023

Fyrir liggur tillaga um lækkun á álagningarprósentu í A flokki úr 0,50% í 0,47% af fasteignamati, B flokkur verði óbreyttur 1,32% og að C flokkur verði 1,55% af fasteignamati.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að vísa tillögu að álagningarprósentu fasteignaskatts til síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Tillaga að gjaldskrá vegna vatnsveitu og seyrulosun 2023

Fyrir liggur tillaga um vatnsgjald fyrir Vatnsveitu Flóahrepps ásamt gjaldi fyrir seyrulosun fyrir árið 2023. Tillaga er um að vatnsgjald verði óbreytt en gjaldið hefur tekið breytingum skv. vísitölu síðustu ár.

Gjald fyrir seyrulosun byggir á gjaldskrá Hrunamannahrepps vegna Seyruverkefnisins sem Flóahreppur er aðili að.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að vísa tillögu að gjaldskrá vegna vatnsveitu og seyrulosun 2023 til síðar umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Tillaga að gjaldskrá vegna sorphirðu fyrir 2023

Fyrir liggur tillaga að gjaldskrá vegna sorphirðu fyrir árið 2023. Með tilkomu nýrra laga um meðhöndlun úrgangs sem taka gildi 1. janúar 2023 er óhjákvæmilegt að sorphirðugjöld í Flóahreppi hækki þar sem ný lög fara fram á að notendur greiði sem næst raunkostnaði fyrir þann úrgang sem til fellur. Tillagan byggir á upplýsingum um kostnað vegna sorphirðu og afsetningu úrgangs hjá Íslenska gámafélaginu sem er þjónustuaðili sveitarfélagsins ásamt upplýsingum úr bókhaldi sveitarfélagsins. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að vísa tillögu að gjaldskrá vegna sorphirðu til síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Tillaga að gjaldskrár fyrir hundahald í Flóahreppi 2023

Fyrir liggur tillaga að gjaldskrár fyrir hundahald í Flóahreppi fyrir árið 2023. Tillagan gerir ráð fyrir að gjald fyrir skráningu verði óbreytt en gjald fyrir föngun, vörslu og auglýsingargjald verði 28.000 kr.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að vísa tillögu að gjaldskrár fyrir hundahald til síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) Tillaga að gjaldskrár fyrir félagsheimili í Flóahreppi 2023

Fyrir liggur tillaga að gjaldskrár fyrir félagsheimili í Flóahreppi fyrir árið 2023.

Tillagan gerir ráð fyrir breytingum á nokkrum gjaldskrárliðum og er leiga fyrir sambærilega notkun samræmd. Í tillögunni er að öðru leyti gert ráð fyrir 5% hækkun á

gjaldskrár fyrir félagsheimili.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að vísa tillögu að gjaldskrá fyrir félagsheimili í Flóahreppi 2023 til síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**13. Fjárhagsáætlun 2023-2026 – fyrri umræða**

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 og 2024-2026 lögð fram til fyrri umræðu. Farið yfir helstu forsendur fjárhagsáætlunar. Gert er ráð fyrir 5% ofan á öll laun og launatengd gjöld. Í áætlun er gert ráð fyrir fjárfestingum á árinu 2023, vegna uppbyggingar við Flóaskóla og fjárfestingu í vatnsveitu Flóahrepps. Í áætlun er einnig gert ráð fyrir viðhaldspörf á fasteignum sveitarfélagsins á árinu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að vísa fjárhagsáætlun til síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**14. Erindi frá Jónínu Ósk Ingólfssdóttur og Ólafi Árna Mássyni**

Fyrir liggur erindi frá Jónínu Ósk Ingólfssdóttur og Ólafi Árna Mássyni Brandshúsum 3 þar sem þau óska svara varðandi starfsmannapörf við húsvörslu í félagsheimilum og hvaða forsendur liggi fyrir mögulegri aukningu við starfshlutfall húsvarðar í Félagslund og sérstaklega upp í 50% frá áramótum 2023. Einnig gera þau athugasemdir við það hvernig sveitarstjórn stóð að tilkynningu um ráðningu.

Þann 24.08.2022 fundaði sveitarstjóri með umsjónarmanni fasteigna, húsverði í Þingborg og verktaka sem sinnti húsvörslu í Félagslund. Markmið fundarins var að samræma verkþætti og setja fram skýra verkefnalýsingu vegna starfa húsvarða. Farið var yfir helstu verkefni sem voru fyrir liggjandi ásamt því gera minnislista vegna útleigu og þjónustu í Félagslund og Þingborg. Einnig var farið yfir nauðsyn þess að húsverðir hefðu tök á að aðstoða hvern annan þegar álagstímar eru í húsunum og mikil útleiga og farið yfir möguleikann á því að húsverðir geti leyst hvern annan af eftir þörfum.

Varðandi greiningu á starfsmannapörf í húsvörslu félagsheimila sveitarfélagsins þá er hún byggð á reynslu undanfarinna ára ásamt bókunarstöðu í húsunum. Reynslan hefur sýnt að þörf er á húsverði í 100% starf við Þingborg enda eru þar kenndar íþróttir á skólatíma þar sem þörf er á daglegum þrifum og töluverð útleiga þess fyrir utan bæði á kvöldin og um helgar. Á sumrin hafa allflestar helgar verið bókaðar í húsinu undir veislur og ættarmót. Að auki sér húsvörður í Þingborg um þrif á skrifstofu sveitarfélagsins allt árið um kring. Í Félagslund hefur verið metin þörf á amk 30% starfi til að sinna lágmarksverkefnum yfir veturinn þ.m.t. þrif vegna æfinga, þrif og þjónusta vegna annarrar útleigu ásamt tilfallandi verkefnum innan- og utanhúss. Síðasta sumar skilaði verktaki um 60 tímum að meðaltali á mánuði frá maí-september eða um 35 % starfi en ljóst er af reynslu síðasta sumars að þörf hefði verið á meira vinnuframlagi við Félagslund vegna útleigu og á milli félagsheimila þar sem húsvörður í Þingborg komst illa yfir öll verkefni sín innan skilgreinds starfshlutfalls.

Þann 22. mars 2022 var auglýst eftir starfsmanni í hlutastarf á fasteignasvið Flóahrepps þar sem helstu verkefni voru auglýst húsvarsla í félagsheimilum Flóahrepps, bæði í Þingborg og Félagslund eftir pöntunum hverjum tíma. Ekki reyndist eftirspurn önnur en sú að einn aðili var tilbúinn að taka verkið að sér í verktöku og var samið við hann tímabundið yfir sumarið eða frá 1. maí – 1. september 2022. Á fundi sveitarstjórnar 6. september 2022 ákvað sveitarstjórn að auglýsa eftir starfsmanni í 30 til 50% stöðu í þeirri von að líklegri væri að fá umsóknir ef starfshlutfallið væri ekki bara bundið við 30% eins og sveitarstjóri lagði til. Ef fengist starfsmaður í 50% kæmi hann til með að nýtast til afleysinga og aðstoðar í Þingborg en mikið vinnuálag er og hefur verið viðvarandi á húsverði þar og erfitt hefur verið að leysa af húsvörð í Þingborg. Á auglýsingatíma vegna starfs á fasteignasviði upplýsti sveitarstjóri sveitarstjórn um að sér tengdur aðili hygðist sækja um og óskaði sveitarstjóri eftir að því vera leystur frá ráðningaferlinu. Varaoddviti og launafulltrúi Flóahrepps tóku að sér að taka á móti umsóknum og vinna úr þeim auk þess sem húsvörður í Þingborg sat með þeim í viðtölum við umsækjendur. Niðurstaða þeirra varð sú að ráða Andra Þór Erlingsson í stöðu húsvarðar í Félagslund og upplýsti sveitarstjóri um niðurstöðu hópsins með tilkynningu þess efnis í tölvupósti á aðal og varamenn í sveitarstjórn þann 3. október 2022. Í sama tölvupósti óskaði sveitarstjóri eftir því að sveitarstjórn myndi leggja fram tölvupóst sem sendur var á sveitarstjórn og bókara sveitarfélagsins þann 14.09.2022 þar sem sveitarstjóri biðst frá öllu sem snýr að yfirferð umsókna og í kjölfarið ráðningarferli vegna stöðu húsvarðar í Flóahreppi

vegna vanhæfis. Bókun þess efnis má finna undir lið 9 a) í fundargerð sveitarstjórnar nr. 267, dags. 06.09.2022 og fylgir tölvupóstur með fylgigögnum þess fundar. Sveitarstjóri hafði ekki aðra aðkomu að niðurstöðunni en að áframsenda hana á sveitarstjórn og varamenn eftir að hún lá fyrir.

Hulda Kristjánsdóttir vék af fundi við yfirferð málsins.

#### 15. Fyrirspurn frá T lista – Vegna auglýsingar starfs húsvarðar í Félagslundi

Fyrir liggur fyrirspurn frá T lista vegna auglýsingar starfs húsvarðar í Félagslundi. Varaoddviti tók eftirfarandi upplýsingar saman: Alls voru 9 umsækjendur um starfið en einn dró umsókn sína til baka. Tveir voru teknir í viðtal. Hafdís Júlía Hannesdóttir launafulltrúi og bókarí sveitarfélagsins og Walter Fannar Kristjánsson varaoddviti tóku viðtölin og Ingibjörg Einarsdóttir húsvarður í Þingborg sat viðtölin með þeim. Andri Þór Erlingsson húsasmiður var ráðinn í starfið að loknum viðtölum.

Hulda Kristjánsdóttir vék af fundi við yfirferð málsins.

#### 16. Fundargerðir:

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 270, dags. 04.10.2022
- b) Stjórnar byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs. dags. 24.10.2022
- c) Stjórnar byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs. dags. 24.11.2022  
Varðandi lið 1 í fundargerð:  
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir útgöngu Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfus úr Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs. Útgangan miðast við í síðasta lagi 1. mars 2023 og að að öll aðildarsveitarfélög hafi komist að samkomulagi um eignir, skuldir, yfirfærslu á málum sem eru í vinnslu hjá skóla- og velferðarþjónustu sem og öðru er leysa þarf úr fyrir útgöngu sveitarfélaganna.  
Samþykkt með 5 atkvæðum.  
Varðandi lið 2 í fundargerð:  
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að framlengja skipunartíma nefndarmanna í Skólalþjónustu- og velferðarnefnd Árneshings til 1. mars 2023.  
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- d) Stjórnar UTU nr. 96 dags. 09.11.2022 ásamt fjárhagsáætlun UTU fyrir árið 2023.  
Sveitarstjórn samþykkir framlagða fjárhagsáætlun, fundargerð að öðru leiti lögð fram til kynningar.  
Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 17. Efni til kynningar

- a) Frá nefndasviði Alþingis: Til umsagnar 382. mál – frumvarp til laga um útlendinga (alþjóðleg vernd).
- b) Frá nefndasviði Alþingis: Til umsagnar 46. mál – tillaga til þingsályktunar um öruggt farsímasamband á þjóðvegum.
- c) Frá nefndasviði Alþingis: Til umsagnar 63. mál – frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 (gjaldstofn fasteignaskatts)
- d) Frá Innviðaráðuneyti: Samráð um frumvarp til breytinga á lögum um innheimtustofnun sveitarfélaga.
- e) Frá Innviðaráðuneyti: Áform um lagabreytingar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.
- f) Frá Innviðaráðuneyti: Reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga í samráðsgátt.
- g) Næsti fundur sveitarstjórnar.  
Vegna seinni umræðu fjárhagsáætlunar þá færast hefðbundinn fundur sveitarstjórnar til 15. desember og hefst hann kl. 9:00 í Þingborg. Ekki verður því fundur þann 6. desember.  
Samþykkt með 5 atkvæðum.

Arni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Elin Höskuldsdóttir (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)

Arni Eiríksson  
Walter Fannar Kristjánsson

Harpa Magnúsdóttir

Hulda Kristjánsdóttir 1129  
Elin Höskuldsdóttir

## Fundargerð nr. 9 Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg fundarsalur  
Fundardagur: Fimmtudagur 20. október 2022  
Fundartími: 10:00– 11:45  
Fundarmenn: Haraldur Einarsson, formaður nefndar  
Heimir Rafn Bjarkason  
Börkur Brynjarsson  
Árni Eiríksson, oddviti  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Haraldur Einarsson stýrði fundi.  
Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.  
Hjalti Guðmundsson boðaði forföll.

Dagskrá:

### 1. Staða verkefna hjá BB:

#### a) Urriðafoss:

Börkur hefur haldið utanum verkefnið við Urriðafoss. Verkefnið er að klárast í næstu viku, þ.e. malbikun á planinu, samkvæmt upplýsingum frá verktaka. Settur verður mulningur í neðsta kafla á göngustígnum en rest af stíg er malbikað. Settar verða timburgirðingar á jarðvegsskrúfur við útsýnispall og plan. Meðfram gönguleiðinni eru lægri staurar með svörtum spotta á milli.

#### b) Vatnsveitan:

Verið að vinna í að fá meira vatn upp í tank við Ruddakrök til að auka þrýsting. Vatnsmagn hefur verið í lagi í sumar en geta komið upp vandamál ef það kemur þurr sumur.

Vatnsveitulagnirnar í stórum hluta af veitunni eru ágætlega sverar en eru úr gömlu efni. Nýrri lagnir eru sterkari en þær gömlu. Lagnirnar liggja víða ofaná hrauni og það er að valda því að það koma skemmdir og lekar með tímanum.

Mikilvægt að meta þörf fyrir endurnýjun á veitunni og forgangsraða verkefnum.

Rætt um styrkingu vatnsveitunnar og áframhaldandi samtal við Árborg og Grímsnes- og Grafningshrepp vegna vatnsöflunar í Kaldárhöfða. Mikilvægt að tryggja örugga lind til framtíðar.

*BB hitti vatnsveitumenn og þeir dragi saman upp mynd af kerfinu og fari yfir hvar liggur mest á lagfæringum og viðbótum á kerfinu.*

Skoða þarf vatnslögn frá Þingborg að Skeiðavegamótum. Mat BB að þetta sé forgangsverkefni vegna mögulegrar uppbyggingar á svæðinu. Skoða þarf legu og veghelgunarsvæði í kringum þjóðveg 1. Leiðin er um 4 km.

*BB útbýr kostnaðaráætlun á lagningu á sverari lögn frá Þingborg að Skeiðavegamótum. Verkefni sem þarf að bjóða út.*

Skoða þarf þau verkefni sem tilheyra vatnsveitunni og hvernig utanumhaldi er háttað. Sem dæmi má nefna skráningar, eftirlit og vöktun með dæluhúsum, samskipti vegna nýttenginga, skráning og fleira sem snýr ekki beint að verktökum sem sinna lagfæringum og tengingum. Einnig væri gott að aðili frá sveitarfélaginu fari áður en framkvæma á nýttengingu og einnig eftir að tenging hefur farið fram til að kanna aðstæður.

AB HE HK

*BB tekur saman helstu verkefni sem þarf að halda utanum og athugar með aðgang að tölum hjá Selfossveitum.*

Rætt um mikilvægi þess að halda uppi ákveðnu verklagi og skráningum vegna lagfæringa á vatnsveitunni. BB talaði um að lagfæringar séu til skráðar með mælitæki sem sveitarfélagið á þ.e hnitin á lagfæringum og það ætti að vera hægt að halda skráningu utanum þetta eða fletta upp. Ákveðin svæði í veitunni frekari á viðgerðir en önnur. Best að upplýsingar frá vatnsveitumönnum um staðsetningu séu sendar á BB og að hann setji inn.

Vilji fyrir því að koma korti af veitunni inn á map.is/sudurland. Til Autocat grunnur en hann er kannski ekki 100% réttur.

Nefndin óskar eftir stöðu á vatnsveitunni árið 2022.

*Sveitarstjóri tekur saman og sendir á nefndina.*

c) Gjaldskrá vatnsveitu:

Eitt af hlutverkum nefndarinnar að taka afstöðu varðandi gjaldskrá vatnsveitu. Skoða þarf gjaldskrá út frá notendum. Mikilvægt að fólk beri virðingu fyrir vatni sem auðlind sem er ekki ótæmandi.

## 2. Flóaljós

Rætt stuttlega um umsóknarferli og gjald. Umsækjandi greiðir raunkostnað eftirkostnaðarmati verkefnisstjóra. TRS er viðgerðaraðili Flóaljóss.

Rætt um ljósleiðarakerfið með tilliti til aukinnar byggðar og þéttingu byggðar á vissum svæðum. Ekki lögbundið að bjóða upp á ljósleiðara en allir sammála um mikilvægi þess að geta boðið íbúum upp á tengingu við kerfið. Rætt um hvort þörf sé á einum þræði í hvert hús eða hvort deila megi þráðunum í fleiri hús. Nefndin sammála um að passa þurfi upp á að stærri og þéttari uppbygging verði ekki til þess að ekki verði hægt að tengja önnur dreifðari svæði í sveitarfélaginu.

*HE boðar Guðmund Daníelsson á næsta fund nefndarinnar til að fá kynningu á Flóaljósi, fara yfir viðhald á kerfi, frekari uppbyggingu og fleira.*

## 3. Fulltrúi í vinnuhóp vegna uppbyggingar við Flóaskóla

Heimir Rafn Bjarkason verður fulltrúi framkvæmda og veitunefndar í hópnum.

## 4. Önnur mál

Nefndin óskar eftir því að fá stöðuna á deiliskipulögðum íbúðasvæðum í Flóahreppi þ.e. staðsetningu og fjölda lóða.

*Sveitarstjóri tekur saman og sendir á nefndina.*

## 5. Næsti fundur framkvæmda- og veitunefndar

Næsti fundur nefndarinnar ákveðinn fimmtudaginn 10. nóvember kl. 10:00.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:45

HA AS  
HR  
RBS

# Fundargerð 2. fundar Landbúnaðar- og atvinnumálanefndar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Fundarsalur Þingborg  
**Fundardagur:** Mánudagur 24. október 2022  
**Fundartími:** 17:15 – 19:00

## Dagskrá:

1. Kynning á fyrirhuguðu skipulagi og uppbyggingu á Heiðargerðissvæðinu
2. Tölfræði yfir atvinnu
3. Atvinnustefna í samvinnu við Árborg
4. Önnur Mál

### 1. Kynning á fyrirhuguðu skipulagi og uppbyggingu á Heiðargerðissvæðinu

Sveitarstjóri og oddviti kynntu fyrir nefndarmönnum núverandi skipulag sem og fyrirhugaðar breytingar á skipulaginu. EFLA er að vinna að nýjum drögum að skipulagi á svæðinu sem taka tillit til sprungna sem fundust á svæðinu. Fram kom að engir landeigendur í Flóahrepp hafa óskað eftir því að skipuleggja iðnaðarsvæði á sínu landi. Lóðaverð á Heiðargerðissvæðinu er mjög hóflegt samanborið við lóðaverð á Selfossi og því vel samkeppnishæfur kostur. Lyktarmengun frá kjötmjölsverksmiðju er á hinn bóginn fráhrindandi en eigendur verksmiðjunnar hafa sýnt vilja til þess að gera úrbætur þar á. Einnig er gríðarlegt magn orku sem fellur til við kjötmjölsframleiðsluna ákveðið tækifæri til húshitunar nærliggjandi húsa. Ein lóð á núverandi skipulagi er ennþá í eigu sveitarfélagsins. Sú lóð er með c.a. 600fm byggingarreit og stóru malbikuðu plani. Öðrum lóðum hefur þegar verið úthlutað en hins vegar ekki byggt nema á fjórum þeirra.

### 2. Staða atvinnumála í sveitarfélaginu í dag

Nefndin fékk frá sveitarstjóra lista yfir skráða lögaðila í sveitarfélaginu þar sem fram kemur hvaða atvinnugrein skv. ISAT þeir tilheyra. Rætt um hvaða verkfæri nefndin hefur til þess að skoða nánar tölfræði varðandi atvinnumál á svæðinu, hversu mörg störf eru innan sveitarfélagsins, hversu margir starfa utan sveitarfélagsins. Hvaðan koma tekjur íbúa sveitarfélagsins, úr hvaða greinum, innan/utan sveitarfélagsins o.s.frv. Sveitarstjóri óskar eftir fundi með Þórði hjá SASS og kannar hvaða mælaborð við getum nýtt okkur til að greina stöðuna í atvinnumálum í sveitarfélaginu. Bygðastofnun er með mælaborð sem hugsanlega gæti nýst við þessa greiningu.

### 3. Atvinnustefna í samvinnu við Árborg

Þessi vinna er ennþá á hugmyndastigi í formi fyrirspurnar frá Árborg varðandi áhuga Flóahrepps, Hveragerðisbæjar og Ölfuss um hvort áhugi sé til staðar á samstarfi í þróun atvinnustefnu á svæðinu. Flóahreppur hefur þegar svarað fyrirspurninni jákvætt.

### 4. Önnur mál

- Stutt umræða um nýlegan úrskurð umboðsmanns alþingis að sveitarfélög gætu ekki hafnað því að smala ágangsfé á grundvelli leiðbeininga frá innviðaaðuneytinu. Sveitarstjóri ætlar að kynna sér málið nánar. Einnig komið stuttlega inn á lausagöngu búfjár sem og samræmingu reglna um innheimtu jarðþúsunda/fjallskilagjalds.
- Oddviti kynnti stutlega fyrir nefndinni <https://orkidea.is/> - samstarfsverkefni um nýsköpun á Suðurlandi

*Stefán Grönlund*      *Guðmundur Þjarnarson*  
*Björn Guðbjörnsson*

## Fundargerð 139 fundar fræðslunefndar Flóahreppi

**Fundarstaður:** Þingborg  
**Fundardagur:** Þriðjudagur 15.nóvember 2022  
**Fundartími:** Flóaskóli: 15.30 – 16.30  
Sameiginleg málefni 16.30 – 17.15  
Krakkaborg: 17.15 – 18.00

**Fundarmenn:** Bjarni Stefánsson, formaður  
Margrét Drífa Guðmundsdóttir, varaformaður  
Anný Ingimarsdóttir, aðalmaður, ritari  
Snæðís Mjöll Kristjánsdóttir, aðalmaður  
Axel Pál Einarsson, aðalmaður  
Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri Flóaskóla  
Sigríður Oddný Stefánsdóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla  
Inga Dröfn Sváfnisdóttir, fulltrúi foreldra Flóaskóla  
Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar  
Kristrún Jónsdóttir fulltrúi foreldra í Krakkaborg  
Benedikt Karl Gröndal fulltrúi starfsmanna Krakkaborgar boðaði  
forföll.



## Málefni Flóaskóli

1. Gunnlaug lagði fram stutta samantekt úr skólastarfinu. Má þar nefna ólumpíuhlaupið, Listasmiðjur, Danskennslu og Langspilstónleika í Hörpu, uppsetningu ærslabelgs, körfuboltakörfur, frísbíkörfur og matreiðslukeppni grunnskólanna, en Flóaskói er eini þáttakandinn af landsbyggðinni í keppninni. Vinavika heppnaðist vel og er gagnleg t.d. gagnvart einelti.
2. Stoðþjónusta – stöðumat, áhersla, sérfræðiþjónusta. Sigrún Helgadóttir og Sigurbára Rúnarsdóttir fóru vel yfir fjölpætt verkefni stoðþjónustu Flóaskóla og var það upplýsandi fyrir fræðslunefnd.
3. Skólapúlsinn niðurstöður nemendakönnunar. Gunnlaug fór yfir niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins sem gerð var í 6-10.bekk nú í haust. Niðurstöðurnar eru gott verkfæri fyrir starf í skólanum.
4. Óveðursáætlun. Óveðursáætlun rædd. Fræðslunefnd samþykkir að skólastjóri geti aflýst skólahaldi og lokað skólanum ef óveður eða ófærð kallar á það. Samþykkt að ganga frá tillögu um óveðursáætlun í tölvupósti milli nefndarmanna.
5. Skólamáltíðir. Gunnlaug lagði fram nýjar tillögu um skólamáltíðir sem voru samþykktar.

### Sameiginleg málefni

6. Kynning á samþættri þjónustu í þágu farsældar barna. Kristín Arna Hauksdóttir frá Skólaþjónustu Árneshóla kynnti málefnið og svaraði fyrirspurnum. Fræðslunefnd þakkar Kristínu fyrir gott innlegg.
7. Samstarfsáætlun Flóaskóla og Krakkaborgar. Haldið áfram með þá samstarfsáætlun sem unnið hefur verið eftir. Aukið samstarf um íþróttakennslu elsta árgangs Krakkaborgar með yngstu nemendum Flóaskóla verði til reynslu í vetur.

## Málefni Krakkaborgar

8. Fréttir af skólastarfinu – stutt samantekt. Sara Guðjónsdóttir sagði frá starfi leikskólans. Vel horfir með starfsmannamál, vel mannað og fyrirspurnir hafa borist um störf í Krakkaborg þó ekki hafi verið auglýst.
9. Dvalar- og inntökuskilyrði. Ákveðið að Sara taki til endurskoðunar lið 4 í ljósi umræðu í nefndinni um meiri sveigjanleika á lágmarksdvalartím nemenda.

Fundi slitið 18:03

Fundur 23. nov. 2022.

Fundur settur kl.20.00 í Þingborg.

Mætt Jakob Nielsen Kriatjánsson, Helena Hólm, Helgi Sigurðsson, Halla Kjartansdóttir og Svanhvít Hermannsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Farið yfir erindisbréf nefndarinnar. Bætt hefur verið við orðfari um náttúruverndarmál svo og um útivistarsvæði og opin svæði. Nefndin gerir þá tillögu að umhverfisverlaun verði veitt einu sinni á hverju kjörtímabili og óskum við eftir því að erindisbréfinu verði breytt í þá veru.
2. Farið yfir ný lög um meðhöndlun úrgangs. Ungmennafélagið fékk það hlutverk að dreyfa út ílátum fyrir plastúrgang. Varðandi losun á rusli í Hrísmýri telur nefndin það mikilvæga þjónustu við íbúa. Nefndin leggur til að til eins árs verði farið fram á að starfsmenn í Hrísmýri krefjist meiri upplýsinga frá þeim sem koma með rusl þ.e. að nafn, heimilisfang og símanúmer verði tekið niður. Nefndin telur að það hefði ákveðinn fælingarmátt. Varðandi grenndarstöðvar þá leggur nefndin til að þær verði staðsettar við Þingborg og Félagslund. Nefndin telur að Félagslundur henti betur t.d. varðandi umferð sem þessu myndi óhjákvæmilega fylgja.
3. Tilnefning í vatnasvæðanefnd. Halla Kjartansdóttir býður sig fram sem aðalman. Jakob Nielsen Kristjánsson til vara.
4. Önnur mál. Nefndin kemur með tillögu að mánaðarlegri hugvekju sem snýr að nærumhverfi okkar t.d. hvað við getum gert betur í umhverfismálum. Hugvekjan verður birt í Áveitunni.

Fundi slitið kl. 21.45.

Jakob Nielsen Kristjánsson  
Helena Hólm  
Helgi Sigurðsson  
Halla Kjartansdóttir  
Svanhvít Hermannsdóttir